



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Hof

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# 1 Innihald

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	4
3 Innra mat .....	7
3.1 Guladeild .....	7
3.2 Rauðadeild .....	9
3.3 Grænadeild .....	11
3.4 Bláadeild .....	13
3.5 Svarta- og Hvítadeild .....	15
4 Innra mat sérkennslu .....	17
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	20
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	21
8 Foreldrasamvinna .....	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	22
10 Fylgigögn .....	24
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	24



# Leiðarljós leikskólans

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn eitt skólaárið liðið! Tíminn flýgur áfram og oft er sagt að þegar tíminn líður hratt þá sé gaman. Það á vel við hér í skólanum enda gleðin ríkjandi hér alla daga. Skólaárið hefur verið lærdómsríkt og krefjandi en að sama skapi gefandi. Það tók tíma sl. haust að fullmanna húsið og af og til yfir veturinn lentum við í vandræðum vegna langtímaveikinda og annarra breytinga í starfsmannahópnum. Nokkrum sinnum urðum við að skerða þjónustuna og sem betur fer tóku foreldrar því vel og brugðust hratt við þegar við óskuðum eftir hjálp.

Starfið var nokkuð hefðbundið, við einbeitum okkur að fáum en góðum verkefnum sem lita starfið yfir árið. Alla daga leggjum við áherslu á félagsfærni og sjálfsefningu barna enda finnst okkur mikilvægt að börnin standi styrkum fótum, eigi vini og geti auðveldlega valið sér viðfangsefni, leikfélaga og hafi áhrif á verkefni dagsins. Öskudagsbúningagerð, undirbúningur fyrir barnameningarhátíð og ýmis verkefni í útinámi fá góðan tíma í skipulaginu okkar en frjálsi leikurinn er þó sá leikur sem fær mestan tíma, besta rýmið og mikla athygli kennaranna hér á Hofi. Það er nefnilega þannig að börnin læra mest á lífið í gegnum frjálsan leik þegar hann fær að þróast og er gefinn góður samfelldur tími. Útivera og ýmis verkefni með leiðsögn kennara eru líka mikilvægir þættir í starfinu. Áherslur hafa verið á heilbrigði og vellíðan, því hafa jóga, sögustundir og gönguferðir verið snar þáttur í starfinu.

Við erum einstaklega heppin með starfsfólk hér á Hofi, þó við höfum fengið okkar skerf af svokallaðri manneklu þá hefur raðast til okkar frábært starfsfólk, lífsglatt og ábyrgðarfullt sem sinnir starfinu af fagmennsku og gleði. Í apríl sl. fór hluti af starfsmannahópnum í vel heppnaða ferð til Berlínar þar sem við skoðuðum skóla og sátum námskeið. Ferðin var lærdómsrík og allir komu glaðir til baka. Sá hluti hópsins sem ekki fór út skoðaði leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og urðu margs vísari. Nokkrir starfsmenn hafa ákveðið að halda á ný mið, reyna fyrir sér á öðrum vettvangi eða víkka sjóndeildarhringinn og halda í aðra skóla svo nokkrar breytingar verða á starfsmannahópnum í sumar. Nú þegar er búið að ráða deildarstjóra á allar deildir og nokkra starfsmenn en við höldum áfram að leita að góðu fólki og vonum að það gangi vel svo hér megi leikskólastarfið blómstra sem aldrei fyrr.

Næsta vetur munum við eins og áður leggja áherslu á leikinn, bæði úti og inni. Í menntastefnu borgarinnar tókum við læsi fyrir og skoðum það frá öllum hliðum og munum svo áfram leitast við að vera skemmtilegur og lifandi vinnustaður þar sem öllum líður vel, börnum, foreldrum þeirra og starfsfólki.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

**Heilbrigði** – Teymi kennara lagði fram ýmis verkefni og kom með hugmyndir fyrir starfsfólk. Fyrirlestur sem fyrirhugaður var fyrir foreldra var auglýstur en vegna lítillar skráningar var honum frestað fram yfir áramót. Þegar til kom að bóka fyrirlesarann var hann fluttur úr borginni og ekkert varð úr að finna annan. Vonandi náum við því í haust og ætlum þá að auglýsa almennan foreldrafund og hafa fræðslu með. Við gerum ráð fyrir að það höfði til foreldra og vonum að þeir fjölmenni á slíkan fund. Búið er að taka saman heilmikið af efni um málaflokkinn og setja inn á sameiginlegt svæði starfsmanna. Nýju starfsfólki er bent á efnið og gefinn tími til að lesa sig til á fyrstu vikum í starfi. Skráningar 0-5 og fleiri voru gerðar reglulega yfir veturinn á öllum deildum, deildarstjóri hvernar deildar tekur umræðuna á deildarfundum og unnið er með barnahópin út frá niðurstöðum. Mikið er rætt innan deilda að gefa sig að börnunum, sitja með þeim og eiga góð samskipti við barnahópin. Nýju starfsfólki er leiðbeint og þeir hvattir til að ræða við börnin, hlusta og gefa sig að þeim. Inni á öllum deildum er hugað að svæði og eða tíma þar sem börnin geta náð sér í rólega stund, geta hvílt sig eða náð sér niður í þægilegu umhverfi. Jógastundir eru á mörgum deildum auk hvíldarstunda, þar sem lesið er fyrir börnin, eða þau skoða bækur og hlusta á tónlist.

**Umhverfismennt og grænu skrefin** - Alla tíð hefur verið lögð rík áhersla á umhverfisvernd og endurnýtingu í skólanum. Í nokkur ár hafa börnin búið til sinn eigin öskudagsbúning og er því stærsta einstaka verkefnið í skólanum yfir skólaárið. Verkefnið tekur nokkrar vikur og klárast á öskudaginn þegar allir skarta nýjum, heimagerðum búningum, hönnuðum og gerðum af börnunum sjálfum. Ferlið er þó nokkuð langt, hvert barn gerir skissu af búningi, ákveður hvað það ætlar að vera og fer svo með kennara að finna efni í búninginn. Á næstu vikum er búningurinn búinn til, börnin klippa, líma, hefta og sauma svo úr verður eitthvað alveg nýtt og skemmtilegt. Öll börnin hafa unun af og klæðast búningnum stolt af sinni eigin vinnu. Engin fyrirstaða er í hvað þau geta gert, kennarar hafa sýnt ótrúlega mikla þolinmæði og hugmyndaauðgi þegar kemur að því að útfæra hugmyndir barnanna.

Af öðrum verkefnum í umhverfismennt voru dótalausir dagar á öllum deildum í vor, börnin voru höfð með í skipulagningu og alla daga var mikil sköpun í gangi með skapandi efnivið, efnivið sem safnað var saman í skólanum og börnin komu með að heiman. Þessir dagar heppnuðust mjög vel. Alla daga er þó gott aðgengi að skapandi og verðlausum efnivið og skólinn ríkur af tækjum og verkfærum til að sinna því. Minni verkefni um samgöngur, matarsóun og fatasóun voru einnig gerð á flestum deildum, þau skapa umræður og þá er tilgangnum náð að vekja börn og foreldra til umhugsunar.

**Foreldrasamvinna** - Verkefni vetrarins voru að eiga í enn betra samtali við foreldra um börnin og starfið í skólanum og vorum við að horfa til þess að eiga meira samtal um börnin og velferð þeirra. Flestar deildir tóku umræðuna í foreldraviðtölum haustsins, gerðar voru foreldrakannanir og deildarstjórar lögðu sig fram um að vera í góðum samskiptum við alla foreldra. Í ljós kom í léttari könnun sem var gerð að foreldrar kalla eftir fræðslu og umræðu um hina ýmsu þætti tengda leikskólanum og uppeldi. Við ætlum að gera enn betur næsta vetur og setja upp áætlun um fræðslu tengda öðrum þáttum sem við erum að vinna með í skólanum. Á haustmánuðum munum við fjalla um svefn, skjánotkun og mikilvægi lesturs heima.



**Matsalur** - Vorið 2022 breyttum við til og bjuggum til matsal þar sem áður var listasmiðja. Heilt yfir eru starfsmenn og börn ánægð með matsalinn þó langan tíma hafi tekið að sníða af ýmsa vankanta. Meðal annars vantaði betri borð og betri aðbúnað en við keyptum ný húsgögn að hluta og erum enn að bæta við smáhlutum sem gera aðgengið betra fyrir börnin. Starfsfólk er ekki sammála um kosti matsalarins umfram gamla skipulagið og væru sumir til í að fara til baka en aðrir ekki. Það helsta sem nefnt er að starfsfólk saknar þess að sitja ekki með börnunum, eiga notalega stund við matarborðið og spjall sem oft var hægt að sinna í matartímanum. Auk þess nefna starfsmenn að erfitt sé að beita jákvæðu mataruppeldi í matartímanum þar sem ekki er eins hægt að hvetja börn til að smakka, erfiðara að fylgja eftir að börn klári af disknum og séu örugglega orðin södd. Valdefling barna þar sem þau mæta að hlaðborði, velja sér mat og geta valið sér sæti er þó jákvætt. Ákveðið var að halda þessu áfram en hafa jafnframt í huga hvort og þá hvernig má blanda saman þessari aðferð og þeirri gömlu ef svo má segja þar sem starfsmaður situr við borðið og á í samskiptum við hvert barn. Morgunmatur verður áfram í flæði í matsal en kaffitíminn áfram inni á hverri deild eins og verið hefur í vetur

### Ytra mat

Vorið 2023 var gerð foreldrakönnun á vegum Skóla- og frístundasviðs og bárust niðurstöður úr henni um miðjan júní. Niðurstöðurnar eru afar jákvæðar fyrir skólann, í mörgum atriðum skorar skólinn yfir meðaltali. Starfsmannakönnun var gerð á vorönn 2023, nokkrir þættir, helst varðandi álag í starfi og aðbúnað lækkuðu á milli ára og verður hugað að þeim í umbótaáætlun.



### Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

**Umbótapáttur:** Móttökuáætlun nýrra starfsmanna

**Tækifæri til umbóta:** Ný móttökuáætlun fyrir allt nýtt starfsfólk

**Ábyrgð:** Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

**Aðgerðir til umbóta:** Viðtöl við nýtt starfsfólk á reynslutímanum, bæði stjórnendur og deildarstjórar taka viðtöl.

**Hefst – lokið:** Haustið 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:** Umræður og viðtöl við starfsfólk um hvernig því fannst að fara eftir áætluninni. Fylgdu stjórnendur áætluninni eftir.

**Viðmið um árangur:** Endurbætt móttökuáætlun sem auðvelt er að fylgja eftir.



**Umbótaþáttur:** Læsi

**Tækifæri til umbóta:** Unnið verður að innleiðingu læsis í víðum skilningi í tengslum við menntastefnu Reykjavíkur.

**Ábyrgð:** Leikskólastjóri og læsisteymi

**Aðgerðir til umbóta:** Læsisstefna Hofs endurskrifuð. Gefðu 10 fyrir fjöltyngd börn (sjá nánar undir fjöltyngd börn)

**Hefst-lokið:** Haustið 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:** Gátlistar menntastefnu. Umræður á læsisteymisfundum og skipulagsdögum.

**Viðmið um árangur:** Ný læsisstefna leikskólans tilbúin sem endurspeglar starf leikskólans.

**Umbótaþáttur:** Heilbrigði og vellíðan

**Tækifæri til umbóta:** Að auka vellíðan barna og starfsfólks í skólanum. Minnka umræður um álag í starfi og vinna sérstaklega með starfsmannahópinn.

**Ábyrgð:** Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri og teymi.

**Aðgerðir til umbóta:** Fræðsla til foreldra og starfsmanna, hvatning til hreyfingar, gera dagskipulagið og starfið í leikskólanum þannig að sem minnst álag myndist.

**Hefst-lokið:** Haustið 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:** Gátlistar menntastefnu. Samræður við foreldra í foreldraviðtölum, gera könnun á líðan starfsfólks sambærilega starfsmannakönnun. Foreldrakönnun

**Viðmið um árangur:** Glaðari og hressari starfsmannahópur.

**Umbótaþáttur:** Grænu skref Reykjavíkurborgar

**Tækifæri til umbóta:** Að innleiða grænu skref Reykjavíkurborgar

**Ábyrgð:** Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri

**Aðgerðir til umbóta:** Fara yfir gátlista grænu skrefanna og gera úrbætur á því sem er ábótavant þar.

**Hefst-lokið:** Haustið 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:** Gátlistar grænu skrefanna

**Viðmið um árangur:** Að árangur náist í grænu skrefunum og að gátlistar komi betur út að vori en hausti.

**Umbótaþáttur:** Samskipti innan leikskólans, hópefli

**Tækifæri til umbóta:** Margt nýtt starfsfólk hefur störf í skólanum haustið 2023 og þar af fjórir nýir deildarstjórar. Huga þarf að samskiptum innan hópsins, samskiptum við barnahópinn og kynna vel stefnu skólans. Styðja við nýja og óreynda deildarstjóra svo þeir finni sig örugga í starfi. Hópurinn kynnist vel og samstaða náist með nýju og reyndara starfsfólki.

**Ábyrgð:** Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri/verkefnastjóri

**Aðgerðir til umbóta:** Nota nýja móttökuáætlun, hafa hópavinnu þvert á deildir á skipulagsdögum, hafa reglulega yfir veturinn hópefli utan vinnu af fjölbreyttum toga. Athuga með mannauðsráðgjöf utan starfsmannahópsins með deildarstjórum.

**Hefst-lokið:** Haustið 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:** Á deildarstjóra- og deildarfundum, starfsmannakönnun.

**Viðmið um árangur:** Öruggur og samheldinn starfsmannahópur



### 3 Innra mat

#### 3.1 Guladeild

##### **Heilbrigði og vellíðan:**

Við höfum unnið með tilfinningar og notað ræðupúlt með eldri hópnum í umræðu um þær. Myndir teiknaðar og tilfinningar ræddar. Upp á vegg eru myndir af ólíkum tilfinningum sem þau geta tengt við sig. Hópurinn er orðinn duglegur að koma orði á eigin tilfinningar. Jóga var öðru hvoru á vorönn og gekk vel en aðrar markvissar hreyfistundir komust ekki á. Gátlistar um hreyfifærni og tilfinningar ekki gerðir en rætt lítilega á deildarfundum. Það þarf að vinna betur með hreyfifærni á næsta skólaári og því gott að hafa þetta í næstu umbótaáætlun.

##### **Umhverfismennt og grænar áherslur:**

Þetta gekk vel og börn og starfsfólk áhugasöm um verkefnið. Börnin fóru með afgangsmat í moltutunnuna og í frískáp sem er í nágrenni Hofs. Börnin gróðursettu ýmsa ávaxta- og grænmetissteina og fylgdumst með þeim vaxa til að skoða hvort við gætum ræktað okkar eigin. Uppruni ávaxta og grænmetis var skoðað á heimskorti og endað á að fara í fyrirtækið Banana til að fá enn meiri upplýsingar. Samgönguvika þar sem börn og foreldrar skráðu hvernig þau komu í leikskólann. Talað mikið um meðferð leikfanga og muni leikskólans. Leikfangalaus þar sem pappakassar og annar þessháttar efniviður var notað þess í stað. Þessa vika gekk vel og börnin virk í leik og tóku þátt í að fara með afgangsdót í gáma leikskólans. Börnin fengu einnig kynningu á grenndargámum og fóru með hluti þangað. Þetta verkefni gekk vel og börn starfsfólk orðið meðvitað um þessa þætti

##### **Foreldrasamstarf:**

Foreldrakaffi og ömmu og afadagur gengu vel. Móðurmálsdagurinn heppnaðist mjög vel og komu foreldrar og lásu fyrir hópinn á sínu móðumáli. Ítarleg foreldraviðtöl að hausti og stutt valfrjáls viðtöl að vori. Ýmis námskeið og fræðsla kynnt fyrir foreldrum í þessum viðtölum. Börnum og foreldrum heilsað vel á morgnana og gengið til þeirra. Könnun send á foreldrana um upplýsingastreymi, móttöku og annað. Koma mjög vel út og svörun góð. Það hefur ekki verið mikið um fræðsluefni á Facebooksíðum eða í tölvupósti og þarf að bæta úr því. Gott að hafa þetta í næstu áætlun og bæta okkur í senda á foreldra ýmis fræðsluefni og að hafa tvö föst viðtöl sem eru ekki valfrjáls. Síðan má bjóða upp á viðtöl þess utan.

#### **Umbótaáætlun Guludeildar 2023-2024**

##### **Umbótaþáttur: Heilbrigði og vellíðan**

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Barnafundur með púlti til að fá börnin til að ræða tilfinningar og samskipti.
- Gera 0-5 skráningar reglulega yfir veturinn.
- Útinám
- Hópastarf
- Hreyfistundir



**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að

**Aðgerðir til umbóta:**

- Syngja lög og lesa bækur um tilfinningar
- Félagsfærnisögur fyrir deildina í heild og einstaklings ef þarf
- Setja barnafundi tvisvar á hvorri önn. Hafa niðurstöður af fundunum myndrænar
- Hafa markvissar hreyfistundir einu sinni í viku og tengja við útinám og hópastarf
- Hafa hópastarf tvisvar í viku því það eykur gæðin og vellíðan að hafa fá börn í einu
- Skipta hópnum tvisvar í viku upp í útiveru til að börnin fái meiri næði í frjálsum leik.

**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Að hreyfistundir séu fastur þáttur í starfinu
- Að hópastarf sé fastur þáttur í starfinu
- Að gæði á starfinu hafi aukist samhliða því að skipta hópnum upp í hópastarfi, útinámi og frjálsum leik.

**Viðmið um árangur:**

- Gátlistar sem snúa að hreyfiþroska bæði gróf- og fínhreyfingum
- Að börnin hafi ánægju af gróf- og fínhreyfistundum
- Að börnin noti orð eða bendingar á eigin tilfinningar og líðan.

**Umbótaþáttur: Læsi****Tækifæri til umbóta:**

- Gefðu 10
- Foreldralestur á móðurmálsdegi
- Orðaspjall
- Lubbi
- Umhverfislæsi

**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.

**Aðgerðir til umbóta:**

- Daglega unnið með gefðu 10 fyrir börn með fleiri en eitt tungumál og þau börn sem þess þurfa óháð tungumáli.
- Senda Lubba heim með börnunum þar sem foreldrar og börn velja saman orð, sem byrja á máhljóði vikunnar, til að útskýra og nota í daglegu tali.
- Hafa Lubbastundir einu sinni í viku þar sem farið er yfir máhljóð vikunnar
- Að hafa útinámið einu sinni í viku í tveimur hópum
- Tengja útinámið við læsi og umhverfismennt

**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023- Vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundi í janúar og framhaldið ákveðið





- Skráningar á Gefðu 10 og rætt um mikilvægi þess að halda bókalestri að þeim börnum sem það þurfa óháð þjóðerni

#### **Viðmið um árangur:**

- Að skráningar á Gefðu 10 séu til
- Ánægja og áhugi barnanna í sögustundum
- Ánægja barna og starfsfólks á að nýta umhverfið í útinámi sem viðbót við starfið á deildinni

#### **Umbótaþáttur: Foreldrasamstarf**

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Að foreldrar fái þær upplýsingar sem þeim finnst nauðsynlegar hverju sinni um ýmsa þætti sem tengjast barninu og almennt um uppeldi
- Að tekið sé persónulega á mótum hverju barni og foreldri og það kvatt í lok dags
- Að foreldrar séu boðaðir í eitt viðtal á haustönn og annað á vorönn.

##### **Ábyrgð:**

- Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.

##### **Aðgerðir til umbóta:**

- Senda ýmis fræðsluefni í tölvupósti og á Facebook síðu
- Halda áfram með föstudagspósta og myndir bæði á Facebook og í tölvupósti til að koma sem best til móts við alla foreldra.
- Senda foreldrakönnun í lok vorannar

##### **Hefst-lokið:**

- Haust 2023 - Vor 2024

##### **Hvernig metið/aðferðir:**

- Metið í lok vorannar út frá niðurstöðum úr foreldrakönnuninni

##### **Viðmið um árangur:**

- Ánægja foreldra
- Ánægja barna

## 3.2 Rauðadeild

Aðlögun nýrra barna gekk nokkuð vel. Deildin endurnýjaðist alveg fyrir utan tvö börn. Gert var ráð fyrir 19 börnum á deildinni. Aðlögun að hausti gekk að mestu leyti vel en unnið var eftir þátttökuaðlögun. Við höfðum góðan tíma til að undirbúa komu nýrra barna og helgað okkur alfarið að þeim í aðlögun þar sem barnahópur síðasta skólaárs fluttist yfir á nýja deild áður en aðlögun hófst. Byrjuðum haustið með metnaðarfullt dagskipulag. Hópastarf þar sem barnahópnum var skipt upp í minni hópa í ærslaleik/könnunarleik/skapandi starf. Fljótlega fórum við að átta okkur á því að fyrirkomulag var ekki að ganga upp. Við hættum með hópastarf í þeirri mynd sem við vorum með og fórum að hafa meira flæði og leyfa áhuga barnanna að ráða förlinni. Sífelld var verið að brjóta upp leik barnanna svo við ákváðum í stað að brjóta upp skipulagið, (leggja áherslu á frjálsa leikinn).

#### **Foreldrasamstarf:**

Fyrsta samtal var tekið við foreldra áður en börnin byrjuðu og gafst þá foreldrum tækifæri að skoða deildina og kynna starfinu áður en aðlögun hófst. Kynningarfundur var haldinn í október þar sem



starf og áherslur vetrarins voru kynntar. Foreldrasamtal var svo valfrjálst að hausti en allir foreldrar þáðu boðið sem var mjög ánægjulegt. Allir mættu einnig í foreldrasamtal sem haldið var í maí. Almenn ánægja varðandi upplýsingagjöf var í hópnum, allir ánægðir með reglulegt fréttabréf og myndir úr starfinu.

#### **Heilbrigði og vellíðan:**

Í öllu daglegu starfi erum við að styrkja börnin í félagslegum tengslum sín á milli. Starfsmenn deildarinnar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum, nálægir í leik, þannig að börnin fundu fyrir nánd þeirra. Samskipti okkar einkenndust af virðingu, jákvæðni og hjálpssemi. Starfsfólkið sýndi áhuga á því sem barnið var að segja og var til staðar. Útiveru er gert hátt undir höfði, markmiðið er að allir fari allavega einu sinni út á dag.

#### **Umhverfismennt og grænar áherslur:**

Í tengslum við umhverfismennt og grænar áherslur fórum við mikið í gönguferðir eftir áramót. Leikskólinn keypti kerru sem hefur reynst okkur vel þar sem göngugeta barnanna er mjög misjöfn. Kryddjurtir ásamt sólblómum voru gróðursett í maí og tekið var þátt í samgönguverkefninu ásamt öðrum deildum.

### **Umbótaáætlun Rauðudeildar 2023-2024**

#### **Umbótapáttur: Sjálfshjálp**

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Skammta sér sjálf mat á disk

##### **Aðgerðir til umbóta:**

- Undirbúa hlaðborð inn á deild

##### **Ábyrgð**

- Starfsmenn deildarinnar

##### **Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – Vor 2024

##### **Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið

##### **Viðmið um árangur:**

- Börnin geta sjálf skammtað sér á disk og takmarkað matarsóun

#### **Umbótapáttur: Gefðu 10.**

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Að viðhalda betur Gefðu 10 inn á deild.

##### **Aðgerðir til umbóta:**

- Kynna og fylgja eftir að allir starfsmenn inn á deild eru meðvitaðir og flétta þessu inn í daglegt starf þeirra.

##### **Ábyrgð:**

- Deildastjóri

##### **Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – vor 2024



**Hvernig metið/aðferðir:**

- Umræður á deildafundum
- Vikuleg skráning

**Viðmið um árangur:**

- Allir starfsmenn þekki Gefðu 10
- Hvert barn fær gæðastund með starfsmanni að lágmarki 3x í viku.

### 3.3 Grænadeild

**Heilbrigði og vellíðan - Áhersla á tilfinningar og andlega líðan:**

Höfum unnið með 0-5 skráningar, tilfinningaspjöld, bækur, slökunaræfingar og aðeins með jóga og gengið vel. Börnin þekkja orð yfir tilfinningar og geta í meira mæli en áður sett orð á líðan sína. Áformaðir barnafundir komust, vegna aðstæðna, ekki á fyrr en í lok skólaárs og þá aðeins með eldri hóp, en mæltust vel fyrir hjá börnunum. Gott verkfæri til að fá börn til að tjá sig um samskipti og líðan. Áfram í umbótaáætlun með áherslu á bæði líkamlega og andlega líðan.

**Umhverfismennt:**

Helsta sem var gert: Samgönguverkefni, hvernig komum við í leikskólann, ræktun, farið með mat í frískáp og svo var bókin um Rusladrekann tekin reglulega fram og rædd. Í gönguferðum var einnig farið í umgengni við náttúruna. Verðlaus efniviður mikið notaður, sérstaklega í dótalausri viku sem mæltist vel fyrir. Er orðinn nokkuð fastur þáttur í daglegu starfi og þarf ekki að fara í umbótaáætlun.

**Foreldrasamstarf:**

Ánægja foreldra mikil með að mega aftur koma inn á deildirnar eftir covid takmarkanir.

Allir foreldrar mættu í foreldraviðtöl að hausti og flestir þáðu boð um viðtöl að vori.

Kannanir voru sendar út til foreldra í haust og aftur í vor. Svörun var lítil, en það sem helst kom út úr könnunum var að foreldrar voru yfirleitt ánægðir með samstarfið en vildu gjarnan fræðsluefni. Á vorönn kom fram ósk um reglulegri pósta um hvernig vikan hefði verið og hvað væri framundan. Þar hefur vantað svolítið á í vetur og má bæta. Áfram í umbótaáætlun.

**Skapandi starf:**

Höfum lagt áherslu á óheft aðgengi að skapandi efnivið. Sömuleiðis höfum við lagt áherslu á að hvetja börnin til að prófa sig áfram með sínar hugmyndir og útvega þann efnivið sem þeim dettur í hug. Besta viðmiðið um árangur er það viðhorf stórs hluta barnanna að þegar eitthvað vantar þá bara búum við það til. Erum í góðum farvegi – má taka úr umbótaáætlun.

**Umbótaáætlun Grænudeildar 2023-2024****Umbótaþáttur: Heilbrigði og vellíðan****Tækifæri til umbóta:**

- Barnafundir til að fá börnin til að ræða tilfinningar og samskipti.
- Markviss hreyfing og yfirsýn yfir hreyfiproska

**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildar



**Aðgerðir til umbóta:**

- Setja barnafundi inn í dagsskipulag.
- Markvissar hreyfi- og jógastundir

**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið
- Skráningar af barnafundum

**Viðmið um árangur:**

- Gátlistar sem snúa að hreyfiþroska.
- Geta barna til að setja orð á tilfinningar og líðan. Þau átti sig á að samskipti hafa áhrif á líðan.

**Umbótaþáttur: Læsi****Tækifæri til umbóta:**

- Gefðu 10 verði tekið fastari tókum með öllum börnum
- Ritmálið sýnilegra
- Foreldralestur á móðurmálsdegi

**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildar

**Aðgerðir til umbóta:**

- Markviss notkun á gefðu 10 fyrir öll börn
- Skráningar á því hvaða börn koma og hlusta þegar lesið er t.d. í viku í einu 2-4 sinnum yfir veturinn
- Rými í dagskipulagi til lesturs umfram hvíldir

**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið, t.d. varðandi börn sem ekki sækja í að hlusta þegar lesið er
- Skráningar á Gefðu 10 þar sem allir starfsmenn eru virkir

**Viðmið um árangur:**

- Að fyrir liggja skráningar á Gefðu 10 sem sýna að öllum börnum sé sinnt

**Umbótaþáttur: Foreldrasamstarf****Tækifæri til umbóta:**

- Að foreldrar finni sig fá þær upplýsingar sem þeim finnst nauðsynlegar

**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd

**Aðgerðir til umbóta:**

- Nota Facebook síðuna meira fyrir fræðsluefni.
- Vikulegir upplýsingapóstar bæði á Facebook og í tölvupósti.
- Halda áfram með kannanir til foreldra haust og vor en finna betra form.



**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – Vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Metið í lok skoðanakannana og framhaldið ákveðið

**Viðmið um árangur:**

- Góð svörun foreldra gefi upplýsingar sem geri gott samstarf enn betra

### 3.4 Bláadeild

**Leikur:**

Við unnum að því að gefa börnunum meiri tíma og rími fyrir frjálstan leik. Við gáfum leiknum góðan tíma í dagskipulaginu og leyfðum börnunum að þróa leikinn áfram nokkuð frjálst. Við skiptum hópnum oft eftir árgöngum og leyfðum börnunum þá að njóta sín í leik með jafnöldum. Þetta gekk mjög vel í vetur og þarf ekki að fara í umbótaáætlun.

**Skapandi starf:**

Markmiðið var að efla skapandi starf á deildinni með því að gefa skapandi starfi stað í dagskipulaginu og hverjum degi og auka aðgengi að skapandi efnivið ásamt því að gera áætlun um verkefni fyrir mánuðinn.

Það varð aukning á skapandi starfi á deildinni eftir því sem leið á veturinn. Áætlun um verkefni var gerð og stóðst hún oft. Litir og skæri voru oft í boði, hvert barn átti sína eigin bók sem þeim var frjálst að teikna í þegar þau vildu. Börnin unnu mikla vinnu að öskudagsbúningagerð þar sem þau gerðu áætlun og bjuggu svo til sinn eigin öskudagsbúning. Málning var oft í boði í frjálsum stundum og þá gátu þau börn sem vildu komið og farið frjálst að málningarborðinu.

**Útinám:**

Lögðum áherslu á að auka útinám í vetur. Það voru farnar nokkrar ferðir yfir veturinn og eftir því sem það fór að vora var farið í fleiri ferðir. Það var gerð áætlun fyrir mánuðinn sem stóðst í u.þ.b. 50% tilvika. Það mætti vinna betur að þessu í því fer útinám aftur í umbótaáætlun næsta vetur.

**Umbótaáætlun Bláudeildar 2023-2024****Umbótapáttur: Heilbrigði og vellíðan****Tækifæri til umbóta:**

- Gera 0-5 skráningar reglulega yfir veturinn.
- Hafa myndir sýnilegar með ólíkum tilfinningum.
- Markvissar hreyfistundir útinámsferðir

**Ábyrgð:**

Deildarstjóri

**Aðgerðir til umbóta:**

- Nota myndir með ólíkum tilfinningum
- Syngja lög og lesa bækur um tilfinningar
- Hafa markvissar hreyfistundir og tengja við útinám og hópastarf

**Hefst-lokið:**

- Haust 2023 – Vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið

**Viðmið um árangur:**

- Gátlistar sem snúa að hreyfiproska.
- Geta barna til að setja orð á tilfinningar og líðan.

**Umbótaþáttur: Læsi****Tækifæri til umbóta:**

- Gefðu 10
- Foreldralestur á móðurmálsdegi
- Orðaspjall
- Lubbi

**Ábyrgð:**

Deildarstjóri

**Aðgerðir til umbóta:**

- Markvisst unnið með gefðu 10 fyrir börn sem hafa fleiri en eitt tungumál og þau börn sem þess þurfa óháð tungumáli.
- Senda Lubba heim með börnunum þar sem foreldrar og börn velja saman orð til að útskýra og nota í daglegu tali og öðru samhengi
- Hafa Lubbastundir einu sinni í viku þar sem farið er yfir máhljóð vikunnar
- Lesa fyrir öll börn a.m.k 1 sinni á dag

**Hefst-lokið:**

- Haust 2023 – Vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið, t.d. varðandi börn sem ekki sækja í að hlusta þegar lesið er.
- Skráningar á Gefðu 10 þar sem allir starfsmenn eru virkir

**Viðmið um árangur:**

- Að fyrir liggi skráningar á Gefðu 10 og Tras

**Umbótaþáttur: Útinám****Tækifæri til umbóta:**

- Að útinámið verði markvisst á deildinni
- Umhverfislæsi

**Ábyrgð:**

Deildarstjóri

**Aðgerðir til umbóta:**

- Að hafa útinámið einu sinni í viku
- Tengja útinámið við læsi og umhverfismennt

**Hefst-lokið:**

- Haust 2023 – Vor 2024



**Hvernig metið/aðferðir:**

- Rætt á deildarfundum og framhaldið ákveðið

**Viðmið um árangur:**

- Ánægja barna og starfsfólks
- Þekking barna á nærumhverfi
- Að farið verði í ferðir í hverjum mánuði

### 3.5 Svarta- og Hvítadeild

Foresendur í starfsmannahaldi deildanna breyttust mjög strax í október þegar deildarstjóri Hvítudeildar fór í veikindaleyfi sem endaði á að vara allan veturinn. Meira varð um veikindi og lækkun á starfshlutfalli hjá öðru starfsfólki. Ekki tókst að fullmanna deildirnar fyrr en í febrúar og var stór hluti í hlutastörfum. Þetta hafði óhjákvæmilega mikil áhrif á vetrarstarfið, ferðir urðu t.d. ekki eins margar og við hefðum viljað og verkefnavinna varð minni en áætlað var. Skipulagsbreyting vegna matsals varð til þess að hvíld eftir mat datt út og þar með lestur á framhaldssögum. Á vorönn fengum við fræðslu frá hegðunarráðgjafa frá þjónustumiðstöð varðandi árangursrík fyrirmæli og tengsl og var það mjög gagnlegt.

**Mat á umbótaáætlun síðasta skólaárs:****Tilfinningalæsi:**

Mörg börn eru dugleg að setja orð á hvernig þeim líður. Starfsmenn hafa verið duglegir að spyrja um það og einnig líðan annarra. Skráning byrjaði ágætlega en dó út. Verkefnavinna þessu tengd var með minnsta móti.

**Slökun:**

Slökunarhorn á Hvítu gaf góða raun og sóttu börn í það. Jóna eða slökunarstund á valtíma urðu ekki að veruleika. Reyndum að hafa það í hádeginu en það rann út í sandinn þar sem of mikið rót er á hópnum á þeim tíma vegna nýtilkomins matsalar.

**Foreldrasamstarf:** Ekki náðist að bæta þessari vikulegu upplýsingagjöf um daglega lífið inn, en áfram var sú upplýsingagjöf, sem alltaf hefur verið góð, um það sem er á döfinni og slíkt. Myndir sátu á hakanum frá áramótum að vori þar sem það var sett aftarlega á forgangslistann.

**Umbótaáætlun Svörtu- og Hvítudeildar 2023-2024****Umbótáþáttur: Heilbrigði og vellíðan****Tækifæri til umbóta:**

- Barnafundur með púlti
- Gera 0-5 skráningar reglulega yfir veturinn.
- Markvissar hreyfistundir
- Ferðir með Flakkara
- Ferðir með yngri hópinn og tenging við jafnaldra inni í húsi

**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.



**Aðgerðir til umbóta:**

- Nota lausnaringinn
- Setja á barnafundi einu sinni í mánuði
- Hafa niðurstöður af fundunum myndrænar til að auðvelda eftirfylgni.
- Hafa markvissar hreyfistundir úti eða inni a.m.k. einu sinni í vikur þá bæði í formi jóga, gróf- og fínhyfinga

**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – vor 2024

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Að hreyfistundir séu fastur þáttur í starfinu
- Að barnafundir séu fastir þáttur í starfinu

**Viðmið um árangur:**

- Gátlistar sem snúa að hreyfiþroska bæði gróf- og fínhyfingum
- Að börnin hafi ánægju af jóga, gróf og fínhyfistundum
- Að börnin noti orð til að ræða um eigin tilfinningar

**Umbótaráttur: Læsi****Tækifæri til umbóta:**

- Gefðu 10
- Foreldralestur á móðurmálsdegi
- Orðaspjall
- Hljóðkerfisvitund
- Umhverfislæsi

**Ábyrgð:**

- Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.

**Aðgerðir til umbóta:**

- Daglega unnið með gefðu 10
- Vera með framhaldssögu í hvíldinni og gera með því orðaspjall markvissara og sýnilegra
- Æfa hljóðkerfisvitund í samverustundum
- Hafa fámenna leshópa sem fá lestur einu sinni á dag á föstum tíma.

**Hefst-lokið:**

- Hausti 2023 – vor 2024.

**Hvernig metið/aðferðir:**

- Endurmat á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið
- Skráningar á Gefðu 10 og rætt um mikilvægi þess

**Viðmið um árangur:**

- Að fyrir liggja skráningar á Gefðu 10
- Ánægja og áhugi barnanna í sögustundum
- Ánægja barna og starfsfólks og að það nýti umhverfið sem viðbót við starfið á deildinni
- Aukinn orðaforði samhliða orðaspjallinu





## Umbótaþáttur: Foreldrasamstarf

### Tækifæri til umbóta:

- Að foreldrar fái þær upplýsingar sem þeim finnst nauðsynlegar
- Að tekið sé persónulega á móti hverju barni og það kvatt í lok dags
- Foreldraviðtöl

### Ábyrgð:

- Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.

### Aðgerðir til umbóta:

- Senda ýmis fræðsluefni í tölvupósti og á facebooksíðu deildarinnar
- Myndir af starfinu sendar reglulega
- Halda áfram með föstudagspósta bæði á Facebook og í tölvupósti.
- Eitt viðtal að hausti þar sem línur eru lagðar fyrir veturinn og annað að vori sem er í formi skólaskila fyrir flakkarahópinn en venjuleg viðtöl fyrir yngri hópinn.
- Senda foreldrakönnun í lok haust- og vorannar, athuga að hafa könnunina nafnlaus og einfalda í sniðum til að auka líkur á svörum

### Hefst-lokið:

- Haust 2023 – vor 2024.

### Hvernig metið/aðferðir:

- Metið í lok hvorrar annar út frá niðurstöðum úr foreldrakönnuninni

### Viðmið um árangur:

- Ánægja foreldra

## 4 Innra mat sérkennslu

Veturinn 2022 - 2023 hafa tveir kennarar skipt með sér 100% stöðu sérkennslustjóra, annar í 80% starfi og hinn í 20%. Þetta skólaárið störfuðu 7 þjálfar í mismikilli prósentu. Erfiðlega gekk að ráða inn og var sérkennslan ekki fullmönnuð fyrr en í janúar/febrúar 2023. Sérkennslustjórar sátu fundi/fyrirlestra á vegum Lærdómssamfélagsins þar sem ýmissi fræðslu var miðlað ýmist á milli leikskóla eða frá sérfræðingum. Sérkennslan í Hofi er sniðin eftir þörfum hvers og eins barns og unnið er út frá niðurstöðum skimunarlista og/eða greiningum. Ýmist er unnið með börnin í hópum eða einstaklingslega og fer það eftir barninu sjálfu og/eða niðurstöðum greininga. Barn í atferlistþjálfun er til að mynda eitt með þjálfra sínum ýmist inni á deild eða í þjálfunarstund sem og ef um máltjáningsröskun er að ræða, önnur málörvun er oftast unnin í hóp. Menntun án aðgreiningar er alltaf höfð að leiðarljósi. Öll börn í sérkennslu eru með einstaklingsáætlun og hverju barni fylgir dagnóta eftir hverja þjálfunarstund sem er rituð í stílabók merкта barninu, en þar er hægt að fylgjast með framförum barnsins og hvað hefur reynst auðvelt/erfitt að læra. Einstaklingsáætlunin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem getan eykst. Einstaklingsáætlunin byggir á styrkleikum og áhugasviði barnsins og þar kemur skýrt fram þau markmið sem stefnt er að, leiðirnar sem hægt er að fara að settum markmiðum og upplýsingar um hvernig meta eigi árangur. Deildarstjórar, þjálfar og foreldrar hafa aðgang að einstaklingsáætluninni.

Þau matsgögn sem stuðst er við í sérkennslu eru: Orðaskil, smábarnalistinn, íslenski þroskalistinn, TRAS, HLJÓM2, EFI-2, AEPS, íslenski máhljóðamælirinn, VB-MAPP, ABLLS-R, PMTO, TEACCH og



hæfnirammur fyrir fjölbreytt börn. Í þjálfunarstundum er stuðst við ýmis spil, verkefni og leiki. Sumt er unnið í leikskólanum annað eru aðkeypt gögn á borð við Orðagull, Leikum og lærum með hljóðin og Fjölbreytt kennsla. Unnið er í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnsins, haldnir eru reglulega teymisfundir þar sem allir aðilar sem koma að barninu setjast niður og ræða saman um stöðuna og framhaldið. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og sérkennslustjóra og geta ýmist fengið ráðgjöf og/eða fræðslu um hvert sé best að leita ef frekari aðstoðar er þörf.

Lausateymisfundir eru haldnir á 4 – 6 vikna fresti. Í þessu teymi sitja leikskólastóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjórar og deildarstjórar/tengiliður deildar. Reglulega yfir veturinn sitja einnig ráðgjafar frá Norðurmiðstöð (hegðunarráðgjafi, sérkennsluráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur).

Leikskólinn er í miklu samstarfi við Ráðgjafar- og greiningarstöð, Æfingastöðina og félagsráðgjafa Norðurmiðstöðvar.

### Endurmat á umbótaáætlun veturinn 2022 – 2023

- Deildarfundir sérkennslu
  - ákveðið var að hafa deildarfundir sérkennslu á tveggja vikna fresti í takt við aðra deildarfundir í húsi. Upphaflega var ákveðið að vera einu sinni í mánuði en strax í haust var ákveðið að hafa þá á tveggja vikna fresti.
  - markmið var að fara yfir hvernig þjálfunin gengi og þjálfunaraðferðir samþættar. Einnig að aðstoða hvort annað og koma með hugmyndir að lausnum.
  - annað markmið var að allir þjálfar fengju einhverja innsýn inn í stöðu barnanna sem njóta stuðnings til að geta aðstoðað og hlaupið inn í þjálfun.
  - ekki gekk að halda þessa fundi á tveggja vikna fresti vegna óánægju starfsmanna í húsi
    - ástæða óánægju var að þá myndu þjálfar missa af mikilvægum umræðum á deildarfundum deilda og ekki væri nægilegt að lesa fundargerð. Þjálfar eru í mismikilli prósentu sem þjálfar og því vandast þetta hjá þeim sem eiga líka að skila inn vinnuprósentu inni á deild.
    - ákveðið var að breyta fyrirkomulaginu og halda deildarfundum sérkennslu á fimm vikna fresti.
      - með þessu móti eru þjálfar einungis að missa af öðrum hverjum deildarfundum deilda.
  - matsaðferðir
    - umræður á deildarfundum
    - umræður á deildarstjórafundum
    - umræður við deildarstjóra
    - umræður við starfsmenn
  - styrkleikarnir felast í því að styrkja hópinn sem sinnir sérkennslu. Umræður um börnin, þjálfar verða öruggari að stíga inn í þjálfun inni á öðrum deildum. Umræður um þjálfun barna þar sem þjálfar hafa tækifæri til að ræða saman og miðla upplýsingum og beita ráðgjöf.



- deildarfundir sérkennslu halda áfram að vera á fimm vikna fresti eins og er. Unnið verður að því að koma þeim aftur á tveggja vikna fresti og mynda þar með sérstaka deild sem sinnir sérkennslu.
- Áætlun um málörvun
  - Farið var af stað og allt námsefni sérkennslu skoðað, útbúin var hugmyndabanki fyrir einstaklingsáætlanir
    - hugmyndabankinn er tilbúinn en eftir er að kynna hann fyrir starfsmönnum sérkennslu og útskýra fyrir þeim hvernig best sé að vinna eftir þessum hugmyndabanka
    - út frá þessari vinnu varð ljóst að það þurfti skýrari verkferla á fleiri þáttum sem tengjast sérkennslu

## **Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024**

### **Umbótaþáttur: Deildarfundir sérkennslu**

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Halda deildarfundum sérkennslu á tveggja vikna fresti í takt við aðrar deildir í húsinu.

#### **Aðgerðir til umbóta:**

- Halda deildarfundum á tveggja vikna fresti

#### **Ábyrgð:**

- Sérkennslustjóri ber ábyrgð og sér um fundarboð, fundarstjórn og að til sé fundargerð.

#### **Hefst-lokið:**

- September 2023 - Maí 2024

#### **Hvernig metið/aðferðir:**

- Fundargerð og umræður.

#### **Viðmið um árangur:**

- Hvernig gekk að halda fundum? Fannst þjálfun gagnlegt að fá endurgjöf frá örðum þjálfum. Hvernig skilaði það sér inn í starfið.

### **Umbótaþáttur: Handbók um sérkennslu Hofa**

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Útbúa handbók um sérkennsluna á Hofi, vera með skýra verkferla og útskýringar fyrir starfsfólk. Foreldrar fá útskýringar á verkferlum sérkennslu ásamt upplýsingum um þær skimanir og próf sem lögð eru fyrir í leikskólanum.

#### **Aðgerðir til umbóta:**

- Útbúa handbók sem er aðgengileg starfsmönnum og útskýringar fyrir foreldra.

#### **Ábyrgð:**

- Sérkennslustjóri

#### **Hefst:**

- September 2021

#### **Lokið:**

- Útskýringar fyrir foreldra í október 2023. Handbók sérkennslu fyrir starfsfólk í maí 2024.



#### **Hvernig metið/aðferðir:**

- Safna saman gögnum um sérkennslu og setja fram verkferla ásamt greinargóðum útskýringum.

#### **Viðmið um árangur:**

- Vinnu lokið þegar handbók hefur verið prentuð út fyrir starfsfólk og hún komin í gagnið. Einnig að foreldrar séu komnir með bækling með útskýringum á skimunum og prófum sem lögð eru fyrir í leikskólanum.

## **5 Innra mat – fjöltyngd börn**

### **Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023**

Veturinn 2022-2023 var tengiliður fjölmenningar í 20% stöðu. Hann hefur komið að málörvun fjöltyngdra barna einstaklingslega og í hóp, bæði inn á deildum og utan þeirra ásamt því að aðstoða aðra kennara leikskólans eftir þörfum. Tengiliður hefur setið fundi sem haldnir eru á vegum Skóla- og frístundasviðs sem ætlaðir eru bæði tengiliðum og verkefnastjórum fjölmenningar í leikskólum Reykjavíkurborgar og miðlað fræðslu af þeim til starfsfólks leikskólans.

Á deildum er vel staðið að daglegri málörvun og unnið er með grunnorðaförðann í gegnum leik og starf sem að öll börn taka jafnan þátt í, hvort heldur sem það er í stærri eða minni hópum. Meðal annars hefur verið stuðst við Orðaspjall, Lubba og verkefni úr Orðaleik í vinnunni á deildunum.

Haustið 2021 var byrjað að innleiða hæfniramma í íslensku sem Menntamálastofunum gaf út árið 2021 og er innleiðingu lokið. Einnig er TRAS, Hljóm-2 og EFI-2 tekið á öllum fjöltyngdum börnum. Þó svo að þær skimanir séu ekki gerðar með þarfir fjöltyngdra barna í huga þá gefa þau samt ágæta sýn á alla þætti máls. Unnið er með Gefðu 10 á flestum deildum leikskólans en lítið er um skráningar því tengdu.

Undanfarna tvo vetur hefur innleiðing staðið yfir á hæfnirömmum í íslensku, sem Menntamálastofnun gaf út árið 2021, á allar deildir leikskólans. Innleiðingin hefur gengið vel og er orðin hluti af starfi leikskólans. Í upphafi innleiðingar voru útbúin matsblöð í tengslum við hæfniramma sem auðvelt væri að vinna með. Hafa matsblöðin tekið smávægilegum breytingum síðast liðna tvo vetur, samkvæmt ábendingum starfsfólks, til að gera vinnuna við þá auðveldari. Á hverri deild hefur ákveðinn starfsmaður haft yfirumsjón með því að fylla hæfniramma út fyrir hvert barn og fengið annað starfsfólk deildarinnar til þess að aðstoða sig við það. Allir starfsmenn hafa greiðan aðgang að upplýsingum um hæfniramma og foreldrum fjöltyngdra barna hefur verið bæði sagt frá hæfnirömmum og sýndar niðurstöður. Fyllt hefur verið út fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans síðast liðna tvo vetur og fylgja blöðin börnunum út leikskólagönguna.

### **Umbótaáætlun fjöltyngi 2023-2024**

#### **Umbótaþáttur: Gefðu 10**

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Styrkja og auka málörvun fjöltyngdra barna með Gefðu 10 og einstaklingsnámskrám.

#### **Aðgerðir til umbóta:**

- Allt starfsfólk les og kynnir sér vel *Gefðu 10* aðferðina.
- Skráningarblöð útbúin og fyllt út.



- Einstaklingsáætlun unnin fyrir fjöltyngd börn sem koma illa út úr skimunum (EFI-2, TRAS, Hæfnirammur í íslensku, Orðaskil) og unnið eftir henni auk daglegrar *Gefðu 10* stundar.
- Önnur fjöltyngd börn fá *Gefðu 10* daglega frá starfsfólki deildar.

#### Ábyrgð:

- Tengiliður fjöltyngdra barna ber ábyrgð á samræmdum skráningarblöðum, fylgir umbótaáætlun eftir og aðstoðar deildir eftir þörfum.
- Deildarstjórar/ábyrgðarmenn á deild bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana og fylgja því eftir að unnið sé eftir þeim.
- Allir starfsmenn deilda koma að framkvæmd.

#### Hefst-lokið:

- Haustið 2023 – Vor 2025.

#### Hvernig metið/aðferðir:

- Umræður á deildarfundum skráðar niður, hvernig gengur-hvað má betur fara.
- Voru einstaklingsáætlanir útbúnaðar og þeim fylgt eftir.
- Voru skráningarblöðin notuð.

#### Viðmið um árangur:

- Allt starfsfólk kynnt sér vel *Gefðu 10*.
- Einstaklingsáætlanir verið búnar til og unnið eftir þeim
- Framfarir sýnilegar á skimunum.

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- *Kennum nýja færni* – námskeið hjá Ráðgjafastöðinni
- *Skipulögð kennsla* – námskeið á Ráðgjafastöðinni
- *Náttúruleg kennsla* – námskeið á Ráðgjafastöðinni
- *Innra mat* – námskeið sem allt starfsfólk Hofsbús fór á.
- *Skýr fyrirmæli* – fræðsla frá Lilju Ýr hegðunarráðgjafa á Norðurmiðstöð
- *Tengslareikningur* – fræðsla frá Lilju Ýr hegðunarráðgjafa á Norðurmiðstöð
- *PECS* námskeið
- *Conflict Management, Emotional Intelligence and Bullying Prevention* námskeið í Berlín fyrir hópinn sem fór þangað í námsferð
- *leikskólar í Reykjavík og Kópavogi* starfsmenn sem ekki fóru í námsferð
- *Menntaflétta* einn starfsmaður

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf skólanna í hverfinu er byggt á gömlum grunni sem var þróað á fyrstu árum leikskólans og hefur gengið mjög vel. Það sem helst ber að nefna er að leikskólinn heimsækir bókasafn Laugarnesskóla, hinn stjórnariðgjafi sem sýnir þeim skólalámsið og börnin fara í bekkjarheimsókn á vorönn. Fyrsti bekkur grunnskólans kemur í heimsókn í leikskólann í janúar og 5. bekkur kemur í leikskólann í nóvember. Frístundaheimilið er heimsótt á vorönn og krakkarnir í frístund heimsækja



leikskólann einnig á vorönn. Í vor var haldin regnbogavíka og gleðiganga ásamt Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla, Laugarseli og Laugasól. Hver skóli fagnaði regnbogavíkunni með ýmsum verkefnum og fræðslu. Í Gleðigönguna sem haldin var 24. maí fóru allir nemendur og kennarar Hof og Laugasólar. Nemendur úr 1. og 2. bekk í Laugalækjarskóla og 7. bekk úr Laugalækjarskóla auk kennara. Skólarnir gengu frá Laugarnesskóla að Þróttaravellinum og þangað var fenginn skemmtikraftur sem að stjórnaði fjöldasöng.

## 8 Foreldrasamvinna

### Foreldraráð:

Foreldraráð Hofs samanstendur af þremur foreldrum sem setið hafa síðast liðin tvö ár auk leikskólastjóra. Samskipti hafa að mestu leyti farið fram í gengum tölvupóst. Foreldraráðið tekur meðal annars þátt í því að ákvarða sumarleyfi leikskólans og að lesa fyrir starfsáætlun. Einnig geta ýmis önnur mál komið inn á borð foreldraráðs.

### Foreldrafundir:

Í september og október sl. boðaði hver deild til foreldrafundar á meðan útivistartíma barnanna stóð, kl 10:15-11:00. Góð mæting var á alla fundina og fóru deildarstjórar og annað starfsfólk deildanna yfir skipulag vetrarins og svöruðu spurningum foreldra.

### Foreldraviðtöl:

Í nóvember og desember voru allir foreldrar leikskólans boðaðir í viðtal til deildarstjóra eða annars starfsfólks viðkomandi deildar sem að foreldrar allra barna mættu. Í apríl og maí buðu svo allir deildarstjórar aftur upp á viðtal sem að flest allir foreldrar þáðu. Einnig er sérkennslustjóri oft með viðtöl, teymisfundir eru haldnir reglulega og foreldrar geta leitað til stjórnenda, deildarstjóra og sérkennslustjóra hvenær sem er og eru duglegir að nýta sér það.

### Foreldrafélag:

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og í stjórninni sitja fimm foreldrar auk leikskólastjóra sem er fulltrúi leikskólans. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum eins og piparkökumálun í desember, skipulagt sveitaferð fyrir foreldra og börn í maí og haldið sumarhátíð á afmælisdegi leikskólans 7. júní sl. Einnig sá foreldrafélagið um að kaupa bækur sem jólasveinarnir gáfu börnunum í desember ásamt því að taka þátt í kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna í maí. Foreldrafélagið hittist öðru hvoru en samskiptin fara líka fram í gengum tölvupóst.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru að venju sex yfir skólaárið. Þrjú þeirra eru sameiginlegir með Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Laugasól.

22. ágúst ( Laugasól, skólasetning í Laugarnesskóla, kennsludagur í Laugalækjarskóla)

Helstu verkefni: Undirbúningur nýrra barna og flutninga barna á milli deilda. Kynning á vetrarstarfi fyrir starfsfólk.

31. október ( Laugasól, Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli) Helstu verkefni: Námskrárvinna, Grænskrefin, deildarfundir

1. desember Helstu verkefni: fræðsla, starfsmannafundur, Námskrárvinna, hópefli

21. febrúar (Laugasól, Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli) Helstu verkefni: Námskrárvinna, fræðsla fyrir starfsmenn



*12. apríl* Helstu verkefni: Námskrárvinna, starfsmannafundur, endurmat

*17. maí* Menntastefnumót, sameiginlegur starfsdagur allra leik- og grunnskóla í Reykjavík.



## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2023 – 2024**  
**Nafn leikskóla**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXXX



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**





# Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Leikskólinn Hof**  
Hof

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	Sumarfrí - lokað	1 F	1 S	1 M Lestrarátak Lubba	1 F Skipulagsdagur - lokað	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	Sumarfrí - lokað	2 L	2 M	2 F Lestrarátak Lubba	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	Sumarfrí - lokað	3 S	3 Þ	3 F Lestrarátak Lubba	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	Sumarfrí - lokað	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M Lestrarátak Lubba	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ Lestrarátak Lubba	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	Sumarfrí - lokað	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Lestrarátak Lubba	8 F Adventukaffi fyrir foreldra	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	Sumarfrí - lokað	9 L	9 M	9 F Lestrarátak Lubba	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	Skólinn opnar eftir fri	10 S	10 Þ Foreldrafundur í alla foreldra	10 F Lestrarátak Lubba	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Sumarfrí til 7. ágúst
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknaðsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F Skipulagsdagur	12 S	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F	13 M Lestrarátak Lubba	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M Regnbogavika	13 F	13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ Lestrarátak Lubba	14 F	14 S	14 M Öskudagur	14 F	14 S Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	14 F Regnbogavika	14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M Lestrarátak Lubba	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M Regnbogavika	15 L	15 M
16 M		16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu - lokað	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F Regnbogavika - gleðiganga	16 S	16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Menntastefnumót - samstarfsdagur lokað	17 M Ljóbeldisdagurinn	17 M
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F Tannverndarvika	18 F	18 Þ	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ Jólalab - jólamatur	19 F Þorrablot - bóndadagur	19 M	19 Þ Vetrafri í grunnskólum	19 F Ömmu og Alfa kaffi	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S		20 M	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ	20 F Vetrafri í grunnskólum	20 M	20 L Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M	Síðasti dagur elstu barnanna	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F Skipulagsdagur - lokað	21 F	21 S	21 Þ	21 S
22 Þ	Skipulagsdagur - lokað	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 F	22 M	22 L	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ Barnamenningaráttíð	23 F	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S	24 M Pálmasunnudagur	24 F	24 M	24 M
25 F		25 M	25 M Bangsaball	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L Sumardagurinn fyrsti	25 Þ	25 F
26 L		26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 F Vetrafri í grunnskólum	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 F	26 S Kvíradagur	26 M	26 F
27 S		27 M	27 F	27 F Vetrafri í grunnskólum	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 L
28 M		28 F	28 L	28 F Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 S
29 Þ	Kynningarfundur f. nýja foreldra	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F Vetrafri í grunnskólum	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 Þ	30 F Útskrift elstu barna	30 S	30 Þ
31 F			31 Þ Skipulagsdagur - lokað		31 S Gamlárasdagur	31 M		31 S	31 F Páskadagur			31 M

### Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka